

Kennarar: Gunna Sigga, Krissa og Stella

Tímafjöldi: 10 tímar á viku

Menntagildi námsgreinar:

Góð kunnátta í móðurmáli er meginundirstaða staðgóðrar menntunar. Íslenskukennslu er í meginatriðum skipt upp í fjóra flokka: talað mál og hlustun, lestur og bókmenntir, ritun og loks málfræði. Lestur er öflugt tæki nemenda til þess að afla sér þekkingar og tjáning í ræðu og riti er ein af nauðsynlegum forsendum þátttöku í samfélaginu. Í lýðræðisþjóðfélagi er mikilvægt að geta tekið virkan þátt í ýmis konar umræðum, hlustað af athygli og skilið og greint þær upplýsingar sem fyrir augum og eyrum ber.

Kröfur samfélagsins til lestrarfærni hafa breyst mikið á undanförunum árum. Mikilvægt er að nemendur nái góðum lestrarhraða en ekki síður að þeir öðlist góðan lesskilning og séu gagnrýnir á þann texta sem lesinn er. Leitast er við að auka leshraða, lesskilning, almennan lestraráhuga og þekkingu á íslenskum bókmenntaarfi með lestri margs konar bókmenntaverka og ritaðra texta. Lestur og ritun tengjast óhjákvæmilega. Til þess að nemendur geti mætt kröfum samfélagsins um að geta tjáð sig skriflega í námi, starfi, félagslífi og einkalífi þurfa þeir bæði að beina sjónum sínum að sjálfum textanum, efni hans, skipulagi, málsniði og stíl og tæknilegum atriðum eins og skrift, stafsetningu, uppsetningu og frágangi. Í ritunarverkefnum er lögð áhersla á að nemendur setji efni sitt skýrt og skipulega fram með ýmsum hætti, allt frá frjálsri ritun í skipulagðar ritgerðir. Markmið málfræðikennslunnar er að gera nemendur viðræðuhæfa um mál og málfar, gera þá að betri málnotendum og glæða áhuga þeirra á móðurmáli sínu.

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá þau hæfniviðmið sem unnið er eftir, hvaða kennsluhættir eru viðhafðir og hvernig námið er metið. Í lotum í Mentor er að finna nánari lýsingar á tilhögun þeirra viðfangsefna sem nemendur fást við.

Komið er til móts við mismunandi þarfir nemenda með ýmsum hætti. Þeir sem þurfa aukna námsaðstoð vinna samkvæmt einstaklingsáætlunum eða námskrám sem umsjónar- eða faggreinakennari setur upp í samráði við foreldra. Það sama á við um þá nemendur sem geta tekist á við flóknari eða viðameiri viðfangsefni.

Námsflokkar:	Hæfniviðmið	Kennsluhættir	Námsmat
<p>Talað mál, hlustun og áhorf</p>	<p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Beitt skýrum og áheyrilegum framburði. • Tjáð sig frammi fyrir hóp. • Sagt frá eftirminnilegum atburði og lýst ákveðnu fyrirbæri, endursagt efni sem hlustað hefur verið á eða lesið. • Hlustað og horft með athygli á upplestur, leikið efni, ljóð og söngva • Átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi. • Tjáð hugsanir og skoðanir sínar og sett fram á viðeigandi hátt. 	<ul style="list-style-type: none"> • Nemendur fá tækifæri til að tjá sig fyrir framan bekkjarfélaga sína, segja frá eigin reynslu, endursegja og lesa upp eigin texta og annarra. Jafnframt eru þeir hvattir til að tala skýrt og áheyrilega og segja skipulega frá. • Nemendum gerð grein fyrir þeim reglum sem gilda þegar margir þurfa að tjá sig í einu. • Nemendur hlusta á upplestur á sögum og ljóðum bæði sem kennari les og flutt eru á annan hátt, t.d. á hljóðbók eða myndbandi. 	<p>Leiðsagnarmat jafnt og þétt yfir veturinn.</p>
<p>Lestur og bókmenntir</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa þannig að lestur verði lipur og skýr. • Nýtt góðan orðaforða, þekkingu sína og reynslu til að skilja texta og ráða í merkingu orðs út frá samhengi. • Valið sér lesefni eftir áhuga og lestrargetu. • Beitt hugtökum eins og persóna, höfundur, söguþráður, ævintýri. • Beitt fáeinum algengum hugtökum í bragfræði svo sem rím, þula, kvæði, vísa. 	<ul style="list-style-type: none"> • Við skipulag lestrarnámsins er tekið mið af þroska og getu nemenda. Hver nemandi fær lesefni við hæfi úr bókasafni kennarans sem eru lestrarbækur afhentar í þyngdarröð. • Nemendur lesa heima daglega með aðstoð foreldra og einnig hjá kennara. Einnig hafa nemendur greiðan aðgang að bókum í skólastofunni sem þeir geta skoðað eða lesið. • Lesið er fyrir nemendur í nestistímum. • Lestrarsprettur er tvisvar á ári. 	<p>Viðmið í lesfimi við lok 2. bekkjar eru:</p> <ul style="list-style-type: none"> • 100 orð eða meira á mín. - mjög góður árangur. • 85 – 100 orð á mín. - góður árangur. • 40 – 84 orð á mín. - nokkuð góður árangur • 0 – 40 orð á mín. - nemandi þarfnast aðstoðar. • Lesfimispróf eru lögð fyrir í september, janúar og maí. Niðurstöður eru birtar á Mentor. • Lesskilningspróf er lagt fyrir í maí.
<p>Ritun</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Dregið rétt til stafs með hæfilegu bili á milli orða. • Skrifað skýrt og læsilega. 	<ul style="list-style-type: none"> • Kennnd er ótengd grunnskrift með tengikrókum. Haldið er áfram að þjálfra frumatriði skriftar svo sem stafdrátt, rétt grip á skriffæri, réttar 	<p>Gátlisti verður notaður til að meta eftirfarandi þætti í ritun í sögubók og atburðabók: Fyrirsögn, bil á milli orða,</p>

	<ul style="list-style-type: none"> • Samið texta frá eigin brjósti, s.s. sögu, frásögn, ljóð eða skilaboð. • Beitt einföldum stafsetningarreglum. • Nýtt sér fyrirmyndir af lestri bóka. • Skrifað texta á tölvu og beitt einföldustu aðgerðum í ritvinnslu. • Skrifað og leyft öðrum að njóta þess með upplestri höfundar eða lestri lesanda. 	<p>líkamsstillingar, snyrtileg vinnubrögð og góðan frágang.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Lögð er áhersla á að nemendur kynnist grunnþáttum ritunar s.s. að málsgrein byrji á stórum staf og endi á punkti. Jafnframt er nemendum kennt að sérnöfn byrja á stórum staf. • Nemendur vinna ýmiss konar ritunarverkefni. • Sögubók. 	<p>stór stafur, punktur, fylgja línu og vönduð vinnubrögð.</p>
Málfræði	<ul style="list-style-type: none"> • Beitt töluðu máli og rituðu af nokkru öryggi og ræður yfir orðaforða og málskilningi sem hæfir þroska. • Þekkt og fundið helstu einingar málsins, s.s. bókstafi, hljóð, orð, samsett orð og málsgrein. • Raðað í stafrófsröð á einfaldan hátt. • Búið til málsgreinar. • Leikið sér með orð og merkingu, s.s. með því að ríma, og fara í orðaleiki. 	<ul style="list-style-type: none"> • Kennsla í málfræði er samofin kennslu í öðrum þáttum móðurmálsins. • Kennnd eru málfræðihugtök um leið og þau koma fyrir í máli og málnotkun s.s samheiti, andheiti, eintala og fleirtala. • Notuð eru öll tækifæri sem gefast til að leika með málið með rími og orðaleikjum. 	<p>Leiðsagnarmat jafnt og þétt yfir veturinn.</p>
<p>Námsefni:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Lestrarbækur við hæfi hvers og eins • Litla lesrún • Ritrún 2 • Skrift 2 • Vinnubækur með lestrarbókum Auðbjargar Pálsdóttur • Vélmennið í grasinu • Ævintýri á Ingólfsfjalli • Bras og þras á Bunulæk (lestrarbók og vinnubók) • Davíð og fiskarnir (lestrarbók og vinnubók) • Lesskilningsverkefni af Skólavef og 123skoli.is • Sögubók • Orðabók • Ljósritað efni frá kennara 			